

Lykilsetningar

Valin er saga og hún lesin annað hvort sameiginlega í bekknum eða einslega. Þetta gætu verið þjóðsögur um tröll og skessur (www.snerpa.is) eða ein af sögunum um Siggu og skessuna. Nemendur og kennari hjálpast að við að velja lykilsetningar úr sögunni (eða kennari er búinn að velja þær sjálfur).

- Lykilsetningarnar eru skrifaðar á renninga þannig að þær séu læsilegar af vegg.
- Bekknum er skipt upp í jafnmarga hópa og fjöldi setninga segir til um.
- Hver hópur dregur sér lykilsetningu og fær það verkefni að myndskreyta veggspjald sem lýsir því sem lykilsetningin greinir frá.
- Myndirnar eru að lokum hengdar upp í rétttri tímaröð og lykilsetningarnar festar fyrir neðan eða ofan hverja mynd.

Þannig er kominn útdráttur/myndasaga úr sögunni sem greinir frá aðalatriðum hennar.

